

Nd.

97. Nefndarálit

við frumvarp til laga um búpeningsskoðun og heyásetning (þingskjal 50).

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndarinnar.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta all-rækilega, og borið það saman við gildandi lög um horfelli á skepnum, en ekki getað orðið sammála. Meiri hlutinn aðhyllist frumvarpið með nokkrum breytingum.

Eins og breytingartillögur okkar bera með sér, leggjum við til, að

sektar-ákvæðin fyrir horfelli falli niður. Í stað þess viljum við, að skoðun fari fram að haustinu eða snemma vetrar og önnur að vorinu. Haustskoðunin á aðallega að vera til þess, að ráða megi í tíma bót á forsjáleysi þeirra manna, er gálauslega setja á. Virðist okkur mestu máli skifta, að fyrirbyggja horfelli-hættuna, enda er það nú orðin skoðun manna, að réttara og notadrýgra sé, að taka vægilega á yfirsjónunum, en reyna heldur að fyrirbyggja hættur og misfellur og efnatjón með hyggilegum ráðstöfunum. Það miðar ekki til efnalegs sjálfstæðis og góðrar afkomu, að sekta þá menn, sem hafa orðið fyrir tjóni á skepnum sínum sökum fóðurskorts eða hirðuleysis, enda er sektar-ákvæðum gildandi laga alls ekki beitt. Og þó að skoðanirnar kosti nokkuð, geta þær orðið að mörgu leyti til góðs, ef vel hæfir og góðir fjármenn skoða, svo ekki er horfandi í þann kostnað.

Við ráðum því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum:

1. Við 1. gr. Á eftir »heyásetningi« komi: og meðferð búfjár.
2. — 2. — »Er getur um í 1. gr.«, falli burt.
3. — — — Fyrir »skoðunarferðin« komi: skoðun.
4. — — — Fyrir »30. nóv.« komi: 20. des.
5. — — — Fyrir »fram fara« komi: fara fram.
6. — — — Fyrir »í seinni skoðunarferðinni« komi: í seinni skoðuninni.
7. — — — Fyrir »athuga um« komi: athuga.
8. — 4. — Greinin falli burt. Greinatalan breytist eftir því.
9. — 5. — Fyrir »skoðunarferð« komi: skoðun.
10. — — — Fyrir »einkun« komi: einkunn.
11. — — — Fyrir »vorhreppskilum« komi: vorhreppsskilum.
12. — 6. — Fyrir orðin: »skal greiða skoðunarmönnum borgun eftir samkomulagi við hreppsbúa« komi: má greiða skoðunarmönnum.
13. Við 8. gr. Greinin falli burt. Greinatalan breytist eftir því.
14. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

Frumvarp
til laga um búfjárskoðun.

Alþingi 3. marz 1911.

Sigurður Sigurðsson,
formaður.

Jón Jónsson 1. þm. N.-M.
skrifari og framsm.

Einar Jónsson,
með fyrirvara.

Við höfum ekki getað fallist á að breytingar þær, sem frumvarpið »um búpeningsskoðun og heyásetning« gerir á gildandi lögum um það efni, séu til bóta.

Hinar helztu breytingar eru þessar: Að bæta einni haustskoðun við. Að okkar álitu mundi sú skoðun aðeins verða til þess að auka kostnað á

sveitarsjóðunum, en gerði lítið eða ekkert gagn. Á þeim tíma er lítt mögulegt að gera sér fulla grein fyrir fódurbirgðunum, sérstaklega hvað fódurgildi þeirra snertir, fódureyðsla mjög mismunandi, hjá þeim er hirða um búpeninginn, fjárbeit komin undir tíðarfari, landkostum og landsháttum, og fódurbirgða aflað í sjávarhémuðum fram eftir vetri. Það mundi því í mörgum tilfellum alls ómögulegt fyrir skoðunarmenn að segja með nokkurri vissu, hvort fódurbirgðir væru nægilegar. Mundi því sú raun á verða, að lítið yrði farið eftir tillögum þeirra. Eftir núgildandi lögum er það skylda hinna kosnu skoðunarmanna, að áminna þá, er setja fénað sinn gálauslega á vetur, og þarf því ekki ný ákvæði um það.

Þá má telja aðra aðalbreytinguna, að nema burt sektarákvæði gildandi laga. Að vísu er okkur ekkert kappsmál að halda þeim, en vitum þó, að þau tilfelli hafa komið fyrir, og geta komið fyrir, að sektaákvæði séu réttmæt. Reynslan sýnir, að ekki er hætt við, að þeim sé beitt að óþörfu. Að öllu athuguðu teljum við því betra að halda þeim en að fella þau burtu.

Samkvæmt framansögðu sjáum við ekki að frumv. sé til bóta, og ráðum því til að það sé felt.

Alþingi 3. marz 1911.

Stefán Stefánsson, Eyf., Björn Sigfússon.